

Sb.

95. Tillaga til þingsályktunar

[91. mál]

um athugun á hagkvæmni innkaupa landsmanna.

Flm.: Jón Skaftason, Björn Pálsson, Einar Ágústsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun, í samráði við launþega- og neytendasamtökin, á hagkvæmni innkaupa til landsins s. l. þrjú ár, að því er tekur til verðs og gæða, og birta almenningi niðurstöðurnar.

Greinargerð.

Til er íslenskur málsháttur, er segir, að ekki sé minni vandi að gæta fengins fjár en að afla þess. Þetta á við um þjóðarheildina ekkert síður en hvern einstakling og hverja fjölskyldu.

Útanríkisviðskipti Íslendinga eru mjög stór hluti af heildarviðskiptum þeirra, og í þeim er ráðstafað stærri hluta þjóðarteknanna en algengast er meðal þjóða. Innflutningsverzlunin er mikil og vaxandi, en víða heyrast raddir um, að hún sé ekki hagkvæm landsmönnum að sama skapi. Skýringar eru til á því að nokkru. Það virðist þannig ljóst, að fámenni okkar geri það að verkum, að Íslendingar sitja ekki við sama borð og milljónaþjóðirnar um afslætti vegna magninnkaupa. En fleira kemur til.

Það er skoðun margra, að of margir og of smáir aðilar annist innflutningsverzlunina og geri það hana of dýra og óhagkvæma. Margir efast um, að samkeppni innflytjenda sé í reynd mikil og tryggji lægsta vöruverð og mest vörugæði. Enn fremur heyrast raddir um, að gildandi verðlagsákvæði hvetji til dýrra innkaupa. Allt þarf þetta hlutlausrar, en rækilegrar könnunar við, og að því miðar þessi tillaga.

Verðlag innflutningsins hefur mikil áhrif um þróun kaupgjaldsins í landinu og þar af leiðandi á allan framleiðslukostnað landsmanna, bæði til útflutnings og heimanota. Það skiptir því höfuðmáli, að allrar hagkvæmni sé gætt í innflutningsverzluninni, eins og reyndar í öllum starfsgreinum. Innflutningsverzlunin er nauðsynlegur og þýðingarmikill þáttur í þjóðarbúskapnum og ræður miklu um afkomu landsmanna.

Sem fylgiskjal með tillögu þessari er prentuð grein, sem einn af stærri innflytjendum landsins, Einar Ásmundsson, forstjóri Sindra h.f., reit í Morgunblaðið 18. september s. l. og réð úrslitum um, að tillaga þessi er flutt.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal.

Verðbólguinnkaup.

Það hefur margoft verið sagður sá sannleikur af ráðamönnum í okkar þjóðfélagi, að lágt verð á okkar útflutningsafurðum hafi valdið og geti valdið miklum efnahagsörðugleikum. Þetta er öllum auðskilið.

Það er annað, sem sjaldan er minnt á — þ. e. hver áhrif innflutnings eru á efnahagsástandið og gildi gjaldmiðils. Í þessu sambandi var sá, er þetta ritar, að skoða innflutningsskýrslur Hagstofunnar fyrir árið 1969.

Gert var úrtak á járninnflutningnum 1969 frá fjórum þjóðum, sem 54 prósent af járninnflutningi þjóðarinnar er keypt frá, en samtals er keypt járn frá 14 þjóðum. Í viðskiptum við tvær þessara þjóða, sem eru meðal okkar mikilvægustu viðskiptaþjóða, hefur greiðslujöfnuðurinn ekki verið óhagstæður, þegar tekið er nokkurra ára tímabil. Ein þessara þjóða er stór viðskiptaaðili, hvað innflutning snertir, en greiðslujöfnuðurinn hefur verið okkur mjög óhagstæður um margra ára bil. Til að fyrirbyggja, að verið sé með áróður með eða móti, eru viðskiptaþjóðirnar merktar með bókstöfum:

1969:	Land	Einingarverð Kr/tonn	Vik frá meðalverði
	A.	21.980.—	+ 62.2 prósent
	B.	17.240.—	+ 27.2 —
	C.	16.260.—	+ 19.9 —
	D.	9.580.—	÷ 29.4 —

Hér kemur fram, að það er keypt frá A-landi á verði, sem er 62.2 prósent fyrir ofan meðalverð. Frá B-landi er verðið 27.2 prósentum hærra en meðalverð, og frá C-landi er verðið 19.9 prósentum hærra en meðalverð. Síðan kemur D-land með 29.4 prósent lægra verð en meðalverð. Með öðrum orðum: Ef við keyptum um 20 000 tonn frá nefndum fjórum löndum, kemur þetta fram:

20.000 tonna innflutningur:

frá A-landi	kr. 439.600.000.00
— B-landi	— 344.800.000.00
— C-landi	— 325.200.000.00
— D-landi	— 191.600.000.00

Mismunur á fob.-verði á 20.000 tonnum frá A og D-landi er því: kr. 248.000.000.00.

Til glöggvunar skal bent á, að fyrir þessar um 250 millj. kr. mætti greiða eða kaupa:

20 stk. 50-tonna fiskibáta, eða 10—100 tonna fiskibáta, eða 150—3ja—4ra herb. íbúðir, eða 1000 dráttarvélar, og þannig mætti lengi telja.

Nú gætu margir ályktað sem svo, að hér sé táknrænt dæmi um vinnubrögð innflytjendanna, „hinna margrómuðu heildsala“. Sá, sem þetta ritar, er ekki málsvari innflytjenda almennt, en hvað snertir innflutning á stáli, járn og slíkum vörum, þá erum við stærsti aðilinn, enda eina fyrirtækið í landinu, sem hefur sérgreint starfs svið sitt í rekstri stálbirgðastöðvar. Getum við því vel gert okkur grein fyrir hinum ofangreinda mikla verðmun.

Járn og stál er staðlað eins og fjöldi tenkiskra vara, sem eru framleiddar til sölu á heimsmarkaðinn.

Sumir okkar háteknimenntuðustu manna, sem numið hafa fræði sín í mörg ár í einhverju tilteknu landi, virðast ekki þekkja eða vilja viðurkenna annan staðal en þann, sem þeirra námsland miðar við, þannig er oftast miðað við staðal landa, sem framleiða aðeins 8—10 prósent af heimsframleiðslunni á stáli og járn, með öðrum orðum: okkar járn- og stálkaupendur og notendur eiga að útiloka 90 prósent af ársframleiðslu heims, ef fara ætti eftir forskriftum þessara „vísindakobba“. Þessi tækni- og efnahagsstefna hefur ekki náð því að verða algild regla, þó hún hafi verið mikilsráðandi við flestar eða allar opinberar framkvæmdir. Hinar opinberu innkaupastofnanir hafa verið notaðar til þessara „hagkvæmu innkaupa“.

Margir einkaaðilar hafa verið þvingaðir til hinna ofangreindu óhagstæðu innkaupa, á sama tíma og sambærilegt járn og stál hefur verið til í birgðum í landinu á miklu hagstæðara verði, en staðall þess aðeins heitið öðru nafni, en verið algjörlega sambærilegur um gæði og mál.

Hér hefur aðeins verið tekið lítið dæmi um, hvernig ástandið er í innflutningsmálum landsins, varðandi stál og járn, sem er örlítill hundraðshluti af heildarinnflutningnum. Hver gæti þá mismunurinn orðið, ef gerð væri könnun á heildarinnflutningnum? Kannske milljarðar.

Einar Ásmundsson.